

Alþingi
Eriundi nr. P 135/70
komudagur 5.11.2007

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 2. nóvember 2007


Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á siglingalögum, nr. 34/1985, mál 88.

Frumvarpið kveður á um uppfærslu takmörkunarfjárhæða samkvæmt bókun frá 1996 við alþjóðasamþykkt um takmörkun ábyrgðar frá 19. nóvember 1976.

Frumvarpið gerir því ráð fyrir ábyrgðartakmörkunarreglum sambærilegum þeim sem eru í dönsku, finnsku og sænsku siglingalögum. Gera má ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins geti leitt til einhverra óverulegra hækkana á váttryggingariðgjöldum fiskiskipaflotans.

VM hefur ekki fram að færa efnislegar athugasemdir við frumvarpið þar sem með því er fyrst og fremst verið að uppfæra takmörkunarfjárhæðir í samræmi við alþjóðasamþykktir þar um.

Virðingarfyllst,
f.h. VM – Félagsvélstjóra og málmæknimanna



Helgi Laxdal, varaformaður VM.